

Kennsluáætlun Haust 2011

ENS2C040 - Raungreinasvið

Kennarar: Ágústa Stefánsdóttir (T, U) agustast@ma.is
Maija Kaarina Kalliokoski (X, Y) maija@ma.is

Undanfari: ENS2BC040

Lýsing á efni áfangans:

Nemendur auka við þekkingu sína á mismunandi menningarheimum þar sem enska er töluð. Farið er í margvíslegt efni sem tengist þessu, svo sem texta, hlustunarefni, margmiðlunarefni og fleira. Nemendur vinna meira sjálfstætt hvort heldur er í hópum eða að einstaklingsverkefnum og eiga að sýna fram á færni í notkun orðabóka og ýmissa annarra hjálpargagna. Þessi áfangi er sá síðasti þar sem farið er markvisst í málfræði og málfræðiæfingar. Í þessum áfanga verður einnig unnið með ýmis bókmenntaverk.

Lokamarkmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál
- uppbyggingu bókmenntatexta og hugtökum þeim tengdum
- flóknari og sértækari orðaforða sem tengist efni áfangans

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka virkan þátt í samskiptum og beita málfari við hæfi
- lesa lengri bókmenntaverk
- skrifa ritgerðir eftir frekari fyrirmælum um uppsetningu (inngangur, efnisyrding, meginmál og lokaorð)
- lesa texta sem byggja á sértækari orðaforða og snerta t.d. landafræði, bókmenntir, tækni o.fl.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja án teljandi vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni ef hann þekkir vel til þess
- lesa á milli línanna og átta sig á dýpri merkingu í texta
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu af tiltölulega mikilli nákvæmni við margskonar aðstæður
- skrifa margskonar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

- New Headway Advanced*, Liz and John Soars
- English Grammar in Use*, Raymond Murphy (without answers)
- The Curious Incident of the Dog in the Night-Time* by Mark Haddon
- Aukaefni frá kennara

Kennsluhættir

Farið verður vandlega yfir texta í *New Headway Advance* og verkefnið við texta. Unnið verður með málfræðiæfingar í *English Grammar in Use*. Fjallað verður munnlega um bókina eftir Mark Haddon og verkefni unnin úr henni. Áhersla verður lögð á talþjálfun. Einnig verður unnið með ritun. Tímarnir fjórir í vikunni líða nokkurn veginn þannig:

- Tveir tímar verða notaðir til að fara yfir efni í *New Headway Advanced*, ásamt orðaforða-, samtals- og hlustunaræfingum.
- Einn tími fer í ritun og málfræði.
- Einn tími er bókmenntatími.

Nemendur setja öll verkefni sín í þunnar gatamöppur sem skilað er inn einu sinni á önninni. Ekki er leyfilegt að vinna verkefni með því að skrifa svörin í kennslubókina. Ljósrituð verkefni frá kennara eru einnig sett í þessa möppu.

Kennsluáætlun

- Vika 1: Kynning – byrjað á *New Headway Advanced*
Vika 2-14: *New Headway Advanced*, *English Grammar in Use*, *Curious Incident*, ásamt verkefnum og könnunum.
Vika 15: Endum náð saman

Verkefni

- Vika 2: Könnun á lesskilningi
Vika 5: Könnun úr *Curious Incident*
vika 8: Könnun úr orðskýringum
Vika 12: Vinnubókum skilað til kennara
Vika 12: Munnleg próf úr *Curious Incident*
Vika 13: Könnun úr orðskýringum

Námsmat

- **Vinnueinkunn** gildir 15% einkunnar. Hér er meðtalin virkni og vinna í kennslustundum, ritun, skil og vinna við verkefnamöppu, almenn frammistaða, t.d. hversu vel nemendur eru undirbúnir í tímum, og þátttaka í umræðum. Góð ástundun (mæting) er forsenda góðrar einkunnar.
- **Könnun úr *Curious Incident*** 3%; **munlegt úr *Curious Incident*** 12%, alls 15%
- **Kannanir úr orðskýringum** gilda 10%
- **Tvö hópverkefni** gilda 10%
- **Skriflegt lokapróf** gildir 50% einkunnar.

• Öllum verkefnum sem gilda til einkunnar skal skila á tilsettum tíma. Sé þeim skilað of seint lækkar einkunn.

• Nemandi þarf að skila fullunninni verkefnamöppu til þess að fá vinnu annarinnar metna.

• Ef nemandi er veikur þá daga sem kannanir sem gilda til einkunnar eru lagðar fyrir, skal hann ljúka þeim í fyrsta enskútíma sem hann mætir í að veikindum loknum. Einkunn úr slíkum könnunum er þó einungis gild hafi nemandi skilað inn vottorði eigi síðar en viku frá dagsetningu könnunar.

• Skrópi nemandi í tíma sem könnun er lögð fyrir fær hann einkunnina 0.

• Nemandi þarf að ná 40 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira

• Athugið að almennar reglur enskudeildar um skil á verkefnum má finna á vef MA.

Með fyrirvara um breytingar,

Ágústa og Maija.